

Skólaráðsfundur

26. september 2011.

Mætt voru; Börkur skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, fulltrúi starfsmanna : Þorsteinn, fulltrúar kennara : Arnheiður og Sigurlína, fulltrúar foreldra : Marion og Ingólfur, fulltrúar nemenda : Mist og Sölvi Karl.

Börkur bauð fundamenn velkomna á fyrsta fund vetrarins, sérstaklega nýjan fulltrúa nemenda Sölva Karl í 6. bekk. Einn fulltrúi foreldra, Brynja hefur beðið um að vera leyst frá störfum. Á morgun þriðjudag 27. september verður aðalfundur foreldrafélagsins og er þar á dagskrá kjör í skólaráð, þar þarf því að kjósa einn fulltrúa. Rætt var um fundatíma ráðsins, ákveðinn næsti fundur, mánudag 17 október kl . 13:30.

Börkur las umsögn Menntaráðs um starfáætlun skólans 2011-2012 þar sem áætlunin var staðfet og sögð vel unnin og í samræmi við grunnskólalög og tilmæli um gerð starfsáætlana.

Skólaráð mun á næstunni fara yfir umbótaáætlun skólans, en hún er enn í undirbúningi og verður tilbúin fljótlega.

Börkur sagði stuttlega frá samsetningu starfshóps um fyrirkomulag skólastarfs í Vesturbæ og þeim fundum sem haldnir hafa verið í haust og þeim umræðum sem þar hafa farið fram.

Skólaráðsfulltrúar fengu senda þær hugmyndir og tillögur sem komið hafa fram á þessum fundum. Á fundinum var rætt um þessar hugmyndir og skipts á skoðunum. Fundarmenn voru sammála um að nauðsynlegt sé að ræða þessar tillögur í ýmsum hópum s.s. hóp foreldra og starfsfólks. Tækifæri til umræðna á aðalfundi foreldrafélagsins 27. september og á starfmannafundi 28. september.

Önnur mál : Spurt um fjölda skólaliða á göngum þegar yngstu nemendurnir eru á leið úr mat. Athugasemdir um hve skólalóðin er lítið afmörkuð. Nauðsynlegt að gera úrbætur og skoða hvernig má bregðast við skerðingu á leiktækjum og aðstöðu sem orðið hefur m.a. vegna tilfærslu leikvallar til leikskólans.

Fundi slitið Inga Sigurðardóttir